



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstjóri
Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 9. desember 2016

UST201611-140/K.S.J.

10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Kópavogs 2012 – 2024, tillaga að breytingu, brú yfir Fossvog

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs er barst 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024, brú yfir Fossvog.

Í lýsingu kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er miðað við að gangandi og hjólandi umferð fari yfir brúna, en í tillögu að breytingu mun miðað við að almenningsvagnar aki jafnframt yfir brúna.

Aðdragandi og markmið

Í kaflanum aðdragandi og markmið kemur fram að fyrirhuguð brú yfir Fossvog teljist ekki falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og sé því ekki tilkynningaskyld. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt, skv. Skipulagsstofnun fellur ofangreind áætlun undir lið 10.09 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagssvæðið

Áætluð brú yrði staðsett utarlega á Kársnesi í Kópavogi og brúarstæði Reykjavíkurmegin við Fossvog yrði vestan við Kýrhamar. Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið mun taka til hafsvæðis þess sem mun falla undir og við fyrirhugaða brúartengingu og fyrirhuguð fyllingarsvæði við brúarendana.

Staðhættir og umhverfisaðstæður

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætluð brú mun stuðla að aukningu á virkum samgöngum. Að mati Umhverfisstofnunar er það þó mikil breyting að áætla brú sem einnig er fyrir almenningssamgöngur miðað við brú sem er eingöngu fyrir hjólandi og gangandi umferð. Áhrif af brúnni á nágrannasvæðin verða meiri, aukning verður á umferð strætisvagna um Kársnesið, en mesta breytingin mun verða aukin umhverfisáhrif af breyttri framkvæmd. Mikilvægt er að í áætlunum komi skýrt fram hvernig koma eigi í veg fyrir að einkabíllinn nýti brúna.

Umhverfisáhrif


Þar sem áætluð framkvæmd fellur undir lög nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur áætlunin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að mismunandi kostir verði bornir saman í umhverfismati áætlana. Mikilvægt er að farið verði vel yfir öll umhverfisáhrif væntanlegrar framkvæmdar á Fossvoginn sem útvistarsvæðis, á lífríki Fossvogs og sjónræn áhrif hennar í væntanlegu skipulagi. Einnig er mikilvægt að skýr grein verði gerð fyrir áhrifum áætlunarinnar á náttúruvættið Fossvogsbakka.

Í umfjöllun um umhverfi og vistkerfi kemur fram að fyrirhuguð þverun er áætluð 230-340 m, miðað við stærð fyllingar við brúarenda. Einnig kemur fram að í Fossvogi eru full vatnaskipti. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að full vatnaskipti verði tryggð áfram, ef af framkvæmd verður. Einnig er mikilvægt að skýrt komi fram hver áhrif framkvæmdarinnar koma til með að vera á lífríki Fossvogs.

Að mati Umhverfisstofnunar er tekin áhætta með brú yfir Fossvog sem er ætluð almenningssamgöngum jafnt og gangandi og hjólandi umferð. Að mati Umhverfisstofnunar er brú fyrir hjólandi og gangandi mun fyrirferðarminni framkvæmd og myndi hafa minni umhverfisáhrif. Að mati Umhverfisstofnunar er viss áhætta tekin á því að rýrnun verði á útvistargildi og náttúruverndargildi Fossvogs með stærri brú ásamt því að strætóumferð eykst um götur Kársness.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur